

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur, 13. október 2009, í máli nr. S-580/2009:

Ákærvaldið

(Sigríður J. Friðjónsdóttir saksóknari)

gegn

X.

(Guðmundur Ágústsson hrl.)

I

Málið, sem dómtekið var 16. september sl., er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, útgefinni 18. maí 2009 á hendur „X, kennitala 000000-0000, ..., Reykjavík, fyrir kynferðisbrot með því að hafa snemma morgunsunnudaginn 20. júlí 2008 á heimili ákærða að ... haft samræði við Z gegn vilja hennar, en ákærði notfærði sér það að Z gat ekki spornað við samræðinu sökum ölvunar og svefndrunga.

Telst brot ákærða varða við 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Z, kennitala 000000-0000, krefst miskabóta úr hendi ákærða að fjárhæð kr. 800.000 auka vaxta samkvæmt 8. gr. sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 20. júlí 2008 til 3. janúar 2009 en með dráttarvöxtum skv. 9. gr. sbr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags auk greiðslu kostnaðar vegna þóknunar við réttargæslu“.

Ákærði neitar sök og krefst sýknu. Þess er krafist að sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun, verði greiddur úr ríkissjóði. Ákærði krefst þess að skaðabótakröfunni verði vísað frá dómi.

II

Framangreindur brotapolí kærði ákærða til lögreglunnar 14. ágúst 2008 fyrir kynferðisbrot. Við yfirheyrslu skýrði hún frá því að hún hefði farið í afmælisveislu að kvöldi 19. júlí og um nóttina hefði hún farið á skemmtistaði með vinkonum sínum. Á Laugaveginum hefðu þær svo hitt ákærða sem þá hafði orðið viðskila við félagana sína og verið feginn að sjá brotapolana, enda vinur kærasta hennar. Það varð úr að brotapolí fór með ákærða að leita félaganna, en er þeir fundust ekki var farið heim til vinar ákærða og var ætlunin að gista þar. Það gekk þó ekki eftir og varð úr að ákærði bauð brotapolana með sér heim. Þegar þangað kom kvaðst brotapolí hafa farið að hjálpa ákærða að setja upp gluggatjöld og staðið við það í rúmi hans. Að því búnu kvaðst hún hafa lagst í rúmið og sofnað í öllum fötum nema hvað hún hafði farið úr jakka og tekið af sér hálsmen. Það næsta sem brotapolí kvaðst muna var að hún vaknaði við að ákærði var búinn að færa hana úr fötunum og lá ofan á henni og var að hafa við hana samfarir. Brotapolí kvaðst hafa sofnað aftur en þegar hún vaknaði um morguninn kvaðst hún hafa áttað sig á því hvað hafði gerst og flýtt sér í burtu. Hún kvaðst hafa verið frekar mikið drukkinn en þó muna allt. Heima hjá ákærða hefði hún þó algjörlega dottið út.

Ákærði var fyrst yfirheyrður af lögreglu 22. október og neitaði í fyrstu alfarið að hafa haft samfarir við brotapolana. Síðar breytti hann framburði sínum og kvaðst hafa haft samfarir við hana. Hann kvaðst hafa hitt hana dauðadrukknna niður í bæ þessa nótt og hefði hún spurt hvort hún mætti gista hjá honum því hún væri ekki með lykila að heimili sínu. Þau hefðu síðan farið heim til ákærða og þar haft samfarir með fullri þátttöku og samþykki beggja. Undir ákærða var borin frásögn brotapolana um gluggatjöldin og kannaðist hann ekki við hana. Hann kvaðst í fyrstu hafa neitað að hafa haft samfarir við brotapolana vegna hræðslu við kærðu. Ákærði kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis en alveg vitað hvað hann var að gera.

Brotapolí fór á Neyðarmóttökuna að kvöldi 20. júlí með móður sinni og kærasta. Þar skýrði hún frá á sama hátt um það hvar og hvenær hún hitti ákærða og fór með honum heim. Síðan segir í vottorði læknis: „Sofnaði fljótt, en vaknaði einhverju seinna að hann var búinn að taka hana úr fötunum og viðkomandi ofan á henni. Segist frosið og ekki getað ýtt honum ofan af sér. Sofnaði aftur og vaknaði um kl. 12 á hádegi. Hann var þá sofandi við hlið hennar í rúminu. Flýtti sér í fötin og vinkona hennar kom og sótti hana. Fór heim með vinkonunni og kom heim til sín um kl. 18. Móðirin sá strax að eitthvað hafði gerst.“ Brotapolí hafði farið beint inn í herbergið sitt, en komið síðan fram eftir að hafa talað við kærasta sinn, sem vildi slíta sambandinu, eða eitthvað í þá veru, segir í vottorðinu. Í vottorðinu eru reitir sem bera yfirskriftina: Tilfinningalegt ástand og er þar merkt við óraunveruleikakennd, skýra frásögn grátköst og í hnipri. Í reiti undir yfirskriftinni: Kreppuviðbrögð er merkt við skjálfta, hroll, ógleði/uppköst og magaverki.

Neyðarmóttakan vísaði brotapolana til sálfræðings sem hitti hana fyrst 5. ágúst og fimm sinnum eftir það. Í samantekt sálfræðingsins segir að allt viðmót brotapolana bendi til þess að hún hafi upplifað ofsaóttá, bjargarleysi og niðurlægingu í kjölfar meintrar nauðgunar. Niðurstöður greiningarmats sýni að hún „þjáist af áfallastreituröskun (Posttraumatic Stress Disorder) í kjölfar meintrar nauðgunar. Sálræn einkenni hennar í kjölfar áfallsins samsvara einkennum sem eru þekkt hjá fólki sem hefur upplifað alvarleg áföll eins og líkamsárás, nauðgun, stórslys eða hamfarir. Niðurstöður sjálfsmatskvarða samsvara vel frásögnum konunnar í viðtölum. Hún virðist ávallt hreinskilin, trúverðug og samkvæm sjálfri sér.“

III

Við aðalmeðferð bar ákærði að hann hefði hitt brotþola á Laugaveginum umrædda nótt, en þau þekktust lítillega áður í gegnum kærasta brotþola sem var kunningi ákærða. Hann hefði verið búinn að tapa af félögum sínum og hefði hún spurt sig hvert hann væri að fara og kvaðst hann hafa sagt henni að hann væri á leið á Hverfisbarinn. Hún vildi koma með honum, en búíð var að loka þegar þau komu þangað. Ákærði kvaðst þá hafa ákveðið að fara heim til vinar síns er býr niðri í bæ og hafi brotþoli spurt hvort hún mætti koma með og hafi hann samþykkt það. Ákærði kvaðst ekki minnst þess að brotþoli hafi sagst vera lyklalaus eða í öðrum vandræðum, en rengdi ekki að hafa borið á annan veg hjá lögreglu. Hann kvað brotþola hafa verið ölvaða, en ekki gat hann skilgreint það nánar. Sjálfur hafi hann verið mikið ölvaður. Þau fóru síðan heim til vinarins. Á leiðinni hafi hún verið að spyrja hann um fyrrverandi kærasta sinn, en ákærða hafði verið sagt að þau hefðu slitið sambandi sínu. Hann kvaðst litlu hafa svarað henni. Þau komu nú heim til vinarins, en ekki mundi ákærði að greina frá hvað þar gerðist nema hvað brotþoli sofnaði í sófa í stofunni. Minnti ákærða að þá hefði klukkan verið á milli þrjú og fjögur. Hann kvaðst svo hafa pantað sér leigubíl til að fara heim og þegar hann var á leið inn í hann hafi brotþoli komið inn í bílinn með honum. Þau óku síðan heim til ákærða og kvað hann brotþola hafa nú litið miklu frískari út heldur en þegar hún sofnaði. Hann kvað hana hafa beðið sig um að leyfa sér að koma með honum heim og varð það úr. Þegar þangað var komið fóru þau inn í stofu og kvaðst ákærði hafa sýnt henni myndir af syni sínum og eins hafi þau horft á sjónvarp. Áður kvaðst hann hafa farið inn í herbergi sambýlings síns er þar var með stúlku. Ákærði kvað brotþola hafa sofnað í sófa í stofunni en hann farið inn í svefnherbergi. Næst kvaðst hann muna til þess að hann er lagstur upp í rúm og við það að festa svefn þegar brotþoli kemur inn í svefnherbergið og leggst við hliðina á honum að eigin hvötum, enda hafi hann ekki beðið hana um það. Hann kvað brotþola hafa byrjað að láta vel að honum og kyssa hann og í framhaldinu hafi þau haft samfarir. Ekki kvaðst hann muna til þess að lýsa þeim nánar, nema hvað hann hefði legið ofan á brotþola og sér hefði orðið sáðlát. Nánar spurður kvað ákærði brotþola hafa verið klædda þegar hún kom upp í til hans, en hafa afklætt sig sjálf nema hvað hann hefði hjálpað henni úr sokkabuxunum. Hann kvaðst sjálfur hafa afkætt sig. Borið var undir ákærða það sem brotþoli bar hjá lögreglu og kvað hann hana ekki skýra rétt frá. Ákærði kvaðst hafa hringt í brotþola þegar hann frétti af því að hún ætlaði að kæra hann og spurt hana hvort hún ætlaði virkilega að gera það og hafi hún jánkað því. Þá hafi stjóri kærasta hennar hringt í sig og hóttað sér lífláti ef hann hefði oftast samband við hana. Ákærði kvaðst ekki muna til þess að hafa sent brotþola skilaboð í gegnum Myspace síðu hennar, en þeirra verður nánar getið í IV. kafla.

Brotþoli bar að hafa verið í afmælisveislu vinkonu sinnar að kvöldi 19. júlí og aðfaranótt þess 20. Um nóttina var hún og félagar hennar að ganga niður Laugaveginum þegar þau mættu ákærða sem kvaðst vera feginn að sjá hana, enda búinn að tapa félögum sínum. Brotþoli kvaðst hafa boðist til að fara með honum að finna vini hans og fóru þau á Hverfisbarinn en þar var þá búíð að loka. Kvaðst ákærði þá ætla til vinar síns og kvaðst brotþoli ætla að fara með honum. Þegar þangað var komið settust þau inn í stofu og kvaðst brotþoli hafa haldið að hún

myndi gista þar, en það gekk ekki þegar gest bar að garði. Hún kvað þá ákærða hafa hringt á leigubíl og hafi þau ekið heim til hans. Þegar þangað kom fór ákærði inn í herbergi sambýlings. Síðan hafi hann farið að sýna henni myndir af syni sínum og eitthvað í tölvunni en svo hafi ákærði beðið hana um að hjálpa sér við að hengja upp gluggatjöld í herbergi hans. Hún kvaðst hafa gert það, en um hafi verið að ræða teppi sem fest var fyrir gluggann með límbandi. Brotapoli kvaðst hafa staðið í rúminu til að ná upp og eftir að þau höfðu lokið við að festa teppið kvaðst hún hafa lagst niður og sofnað. Það næsta sem hún vissi af sér var að hún kvaðst hafa vaknað við það að hún fann að ákærði var ofan á sér og að hafa samfarir við sig. Hún kvaðst ekki hafa vaknað alveg en þó orðið alveg stjórf, eða frosið. Hún kvaðst hafa sofnað aftur en svo vaknað um morguninn í rúminu við hliðina á ákærða sem var sofandi og var hún þá klædd í kjól en með nærbuxur og sokkabuxur utan um ökkla á öðrum fætinum. Brotapoli kvaðst þá hafa farið fram á salerni og hringt í vinkonu sína sem hafi hringt í aðra vinkonu sem hafi komið og sótt sig. Hún kvaðst ekki hafa vitað hvar hún væri og hafa þurft að lýsa umhverfinu fyrir henni til að hún gæti áttað sig á hvar brotapoli væri. Saman fóru þær svo til fyrri vinkonunnar og þar kvaðst brotapoli hafa sofnað og sofið fram eftir degi. Þegar hún vaknaði kvaðst hún hafa farið í sturtu og síðan verið ekið heim. Hún kvaðst ekki hafa sagt þessum vinkonum sínum beint hvað hefði gerst en þær hafi skynjað að eitthvað hefði gerst. Hún kvaðst seinna þennan dag hafa sagt fyrri vinkonunni hvað hefði gerst og síðan hringt í kærasta sinn til að segja honum hvað hefði gerst og hefði hann ekki viljað trúa henni og skellt á hana. Þegar heim var komið kvað brotapoli móður sína strax hafa skynjað að eitthvað hefði gerst. Hefði hún sagt henni frá þessu hágrátandi og þá pantaði móðirin tíma á Neyðarmóttökunni. Þá var aftur hringt í kærastann sem nú vildi trúa því hvað gerst hafði og kom á Neyðarmóttökuna.

Brotapoli kvaðst hafa verið við drykkju frá klukkan um átta að kvöldi þess 19. og haldið því áfram fram undir morgun og því verið alldrukkin. Hún kvað vinkonu sína hafa verið með veski sitt og þar með hafði hún ekki lykla að heimili sínu og þess vegna hafi hún ætlað að fá að gista einhvers staðar, en hún hafi verið með farsíma sinn. Hún kvaðst hins vegar ekki hafa viljað hringja heim til sín og vekja þar upp og ekki haft peninga fyrir leigubíl. Þá hefði hún talið sér óhætt hjá vini sínum. Brotapoli kvað ákærða einnig hafa verið alldrukkin.

Brotapoli kvað sér hafa liðið mjög illa eftir þennan atburð og hafi hann orðið til þess að það slitnaði upp úr sambandi hennar við kærastann 6 vikum eftir þetta. Hún hafi gengið til sálfræðings og hafi það líka verið sér erfitt að rifja atburðinn upp aftur og aftur. Hún kvaðst hafa hætt að hafa samband við vinkonur sínar og setið heima og grátið. Þá hafi hún átt í verulegum vandræðum í vinnunni. Hún kvaðst hafa fengið magabólgu af álaginu og á endanum hafi hún farið til útlanda og verið þar í 8 mánuði og haft gott af því, en einnig fundist gott að koma heim aftur.

Móðir brotapola bar að hún hefði komið heim um kvöldmatarleytið og kvaðst móðirin strax hafa séð að eitthvað var að. Brotapoli hefði farið beint inn í herbergi sitt eftir að hafa rétt kastað kveðju á heimilisfólk. Móðirin kvaðst hafa farið inn í herbergið. Þá hafi brotapoli verið þar alveg niðurbrotin og sagt sér að hún hefði farið heim með vini kærasta síns, ákærða, og gefið þá skýringu að hún hefði verið lykla- og peningalaus, en hitt hann og hefði hann boðið henni með sér heim til að gista. Brotapoli sagði móður sinni að hún hefði hjálpað ákærða við að hengja upp

gluggatjöld en síðan hefði hún sofnað en vaknað við að ákærði var að hafa við hana samfarir. Brotapoli kvaðst enga björg hafa sér getað veitt og ekki hafa þorað að opna augun heldur sofnað aftur. Þegar hún síðan vaknaði um morguninn var hún með buxurnar á hælunum. Brotapoli hefði síðan hringt í vinkonur sínar.

Móðirin kvað brotapolu hafa liðið mjög illa og grátið mikið þennan dag og næstu daga. Þá hafi þetta komið niður á vinnu brotapolu, en þær mæðgur unnu á sama stað.

Vinkona brotapolu kvað þær hafa verið að skemmta sér saman en leiðir hafi skilið á Laugaveginum þegar brotapoli fór eitthvað frá félögum sínum. Vinkonan kvaðst svo hafa heyrt frá brotapolu snemma næsta morgun þegar hún hringdi og bað hana um að sækja sig. Ekki vissi brotapoli þó hvar hún væri en vinkonan kvaðst hafa heyrt á henni að henni liði mjög illa. Þá sagði brotapoli vinkonunni að eitthvað hefði gerst en skýrði það ekki frekar í símtalinu. Vinkonan gat ekki sótt brotapolu heldur hringdi í aðra vinkonu sem sótti brotapolu og saman fóru þær heim til sín. Heima hjá sér kvað hún brotapolu hafa sagt sér að hún hefði verið í íbúð og vaknað við að maður var ofan á sér en sofnað aftur og vaknað síðar með buxurnar niður um sig. Vinkonan kvað brotapolu ekki hafa sagt sér nákvæmlega hvað maðurinn, sem var ofan á henni, var að gera. Vinkonan kvaðst ekki þekkja þennan mann. Hún kvað brotapolu hafa verið í sjokki, grátandi og henni liðið mjög illa þegar hún var að segja sér frá þessu, en hún hefði ekki lýst þessu sem framhjáhalði. Brotapoli hefði hringt í kærasta sinn sem hefði brugðist illa við tíðindunum og hefði brotapolu liðið mjög illa eftir samtalið.

Önnur vinkona brotapolu bar að sameiginleg vinkona þeirra hefði hringt í sig snemma um morguninn og beðið sig um að sækja brotapolu. Vinkonan hringdi í brotapolu, sem vissi þá ekki hvar hún væri stödd. Þegar vinkonan kom til brotapolu kom hún hágrátandi upp í bílinn og sagði henni frá því að hún hefði farið heim með ákærða og sofnað og vaknað við að eitthvað var að gerast sem átti ekki að gerast en skýrði það ekki nánar nema hvað hún hefði verið í sjokki og henni hefði fundist þetta ógeðslegt. Ekki skýrði brotapoli þetta nánar og vinkonan ók henni heim til sameiginlegu vinkonunnar og skildi þar við þær. Vinkonan bar að brotapolu hefði liðið mjög illa eftir þennan atburð.

Sambýlingur ákærða bar að hann hefði verið inni hjá sér þessa nótt þegar ákærði hefði bankað og kíkt inn og hefði einhver verið fyrir aftan ákærða. Ekki sá hann hver það var en vissi að það var stúlka. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við neitt óeðlilegt í íbúðinni þessa nótt og engin samskipti hafa haft við stúlkuna sem var með ákærða. Sambýlingurinn kvað gluggatjöld í herbergi ákærða hafa verið fest með límbandi.

Fyrrum kærasti brotapolu bar að hún hefði hringt í sig og sagt sér að hún hefði farið heim með ákærða og kvaðst hann hafa heyrt á henni að eitthvað hefði gerst. Hann kvaðst hafa hringt í ákærða sem hefði neitað að hafa farið með brotapolu heim. Um kvöldið hefði svo brotapoli sagt sér að ákærði hefði nauðgað sér, en áður hefði móðir brotapolu sagt sér hvað hefði gerst. Í kjölfar þessa hefði brotapolu liðið mjög illa, átt erfitt með svefn og það hefði reynt svo á sambandið að það hefði slitnað um það bil mánuði eftir atburðinn, enda brotapoli ekki verið söm manneskja á eftir. Kærastinn kvað brotapolu hafa sagt sér hvað hefði gerst og er það í samræmi við frásögn hennar sem að framan var rakin.

Sálfræðingurinn sem brotaþoli gekk til staðfesti vottorð sitt sem getið var um í II. kafla. Sálfræðingurinn bar að brotaþoli hefði verið lengi að ákveða hvort hún ætti að kæra ákærða eða ekki og væri það eðlilegt og ekki óalgengt hjá þeim sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi. Þá bar sálfræðingurinn að brotaþoli hefði skýrt sér frá því sem gerst hefði og er sú frásögn í samræmi við það sem brotaþoli bar og að framan var rakið. Sálfræðingurinn kvað brotaþola ekki bera merki um að hún hefði haldið fram hjá og síðan séð eftir því, heldur bæri hún greinileg merki þess að þetta sem gerðist hefði verið gegn vilja hennar. Enn fremur að brotaþoli hefði verið sjálfri sér samkvæm í frásögn sinni í viðtölunum.

Læknir sem tók á móti brotaþola á Neyðarmóttökunni staðfesti vottorð sitt sem getið var um í II. kafla. Læknirinn bar að hún hefði verið grátandi við komu og átt erfitt með að skýra frá því sem hafði gerst. Þá bar læknirinn að brotaþoli hefði borið sömu einkenni og aðrir hafa sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi. Þá kvað læknirinn brotaþola ekki hafa borið merki um áfengisneyslu.

IV

Ákærða og brotaþola greinir ekki á um að ákærði hafði samfarir við hana þessa nótt. Brotaþoli kveður ákærða hafa nauðgað sér en ákærði bar að samfarirnar hafi verið að vilja hennar eins og rakið var. Bæði bera þau að hafa verið drukkin þessa nótt en ekki hafa verið færð fram gögn, önnur er frásagnir þeirra sjálfra, um hversu mikil ölvun þeirra var.

Ákærði var fyrst yfirheyrður af lögreglu 22. október 2008 og hófst yfirheyrslan klukkan 10.09. Þá bar hann að hafa hitt brotaþola dauðadrukna niður í bæ umrædda nótt og hefði hún beðið um að fá að gista hjá honum og farið með honum heim. Er þangað var komið hefði sambýlingur ákærða verið vakandi ásamt kærustu sinni og þau setið í sófa í stofunni. Eitthvað hafi þau ræðst við en síðan hafi brotaþoli sofnað í sófanum en hann farið inn í rúm og sofnað þar. Þegar ákærði vaknaði morguninn eftir var brotaþoli farin. Ákærði kvað brotaþola ekki hafa sett upp gluggatjöld með sér og neitaði að hafa haft samfarir við hana. Undir ákærða voru borin skilaboð sem send höfðu verið 20. júlí 2008 klukkan 19.34 í gegnum Myspace síðu brotaþola. Þau eru þessi: „sæl, fórst þú eitthvað snemma í gær? ÞETTA er bara á milli okkar er þaggi?“. Ákærði kannaðist ekki við að hafa sent þessi skilaboð en kvaðst vera með svona síðu. Ákærða var bent á að tekin hefðu verið lífssýni úr brotaþola og var hann spurður hvort hann leyfði að tekin yrðu sýni úr honum til samanburðarrannsóknar og samþykkti hann það. Þegar hér var komið sögu ákvað lögreglumadurinn að ljúka yfirheyrslunni og var klukkan þá 10.45.

Að lokinni þessari fyrstu yfirheyrslu ræddi ákærði við verjanda sinn og gaf síðan nýja skýrslu þar sem hann viðurkenndi að hafa haft samfarir við brotaþola. Hófst skýrslutakan klukkan 11.02. Ákærði bar nú að hann hefði skilið við brotaþola í sófa stofunni eftir að þau höfðu rætt við sambýling hans og kærustu og hefði brotaþoli sofnað í sófanum. Hann hefði síðan legið í rúmi sínu og verið eiginlega farinn að sofa þegar brotaþoli hafi komið og lagst upp í til hans. Hann hafi þá verið í nærbuxum en hún alklædd. Þegar hún var lögst upp í hjá honum hafi hún afklætt sig og eftir það hefðu þau haft samfarir og hefði hann legið ofan á henni. Ákærða

kvað sér hafa orðið sáðfall og eftir að samförunum lauk hefði hann sofnað og þegar hann vaknaði morguninn eftir hefði brotaþoli verið farin. Hann neitaði sem fyrr að hafa sent brotaþola framangreind skilaboð. Ákærði var spurður hví hann hefði ekki borið á þennan hátt við fyrri skýrslutökuna og sagðist hann hafa verið hræddur við kæruna. Seinni yfirheyrslunni lauk klukkan 11.16.

Ákærði var aftur yfirheyrður af lögreglu 3. desember 2008. Honum voru þá kynnt gögn um að framangreind skilaboð hefðu verið send úr tölvu sambýlings hans á heimili þeirra. Ákærði neitaði að hafa sent skilaboðin. Þá bar hann á sama hátt og fyrr um samfarir hans og brotaþola.

Hér að framan var rakinn framburður ákærða fyrir dómi og bar hann þar að mestu á sama hátt og í síðari lögregluskýrslunni nema hvað nú kvað hann sambýling sinn hafa verið í herbergi sínu og hefði hann farið þangað inn og rætt við hann. Hann ítrekaði að samfarirnar hefðu verið með samþykki brotaþola sem hefði komið inn í svefnherbergið til hans eftir að hann var kominn inn í rúm.

Brotaþoli hefur frá upphafi borið á sama veg og hún bar fyrir dómi og að framan var rakið, það er að hún hafi verið að hjálpa ákærða við að setja upp gluggatjöld og staðið í rúmi hans. Að þessu verki loknu hefði hún lagst í rúmið og sofnað strax enda langdrukkinn. Hún hafi svo vaknað við hann ofan á sér að hafa við sig samfarir, frosið og sofnað aftur. Þegar hún svo vaknaði aftur um morguninn hafi hún verið með nær- og sokkabuxur utan um ökkla annars fótar. Eftir að brotaþoli vaknaði komst hún í samband við vinkonur sínar og hafa þær báðar borið um ástand hennar eins og rakið var. Hið sama á við um móður hennar og fyrrum kærasta. Þá fær framburður brotaþola og stuðning í vottorðum og framburði læknis og sálfræðings. Loks fær framburður hennar að hluta til stuðning af framburði sambýlings ákærða sem bar að gluggatjöld í herbergi hans hefðu verið teppi sem fest hefði verið upp með límbandi en brotaþoli bar að hafa hjálpað ákærða við að festa teppi fyrir gluggann með límbandi.

Eins og sjá má hefur framburður ákærða ekki verið sá sami frá upphafi. Hann gaf þá skýringu á fyrsta framburði sínum hjá lögreglu, þar sem hann neitaði að hafa haft samfarir við brotaþola, að hann hefði verið hræddur við kæruna. Fyrir dómi gaf hann þá skýringu á misræmi framburðar hans hjá lögreglu og fyrir dómi að hann hefði á þessum tíma misnotað áfengi og hefði af þeim sökum lélegt skammtímaminni. Nú hefði hann náð tókum á áfengisneyslunni og við það hefði minni hans batnað.

Ekki er hægt að líta fram hjá því að framburður brotaþola hefur frá upphafi verið staðfastur um það sem hún ber að hafi gerst milli hennar og ákærða. Framburður ákærða hefur á hinn bóginn breyst eins og rakið var. Það var til dæmis fyrst við aðalmeðferð sem hann bar að hann hefði rætt við sambýling sinn inni í herbergi hans en sambýlingurinn ekki komið fram í stofu ásamt kærustu sinni og rætt við ákærða og brotaþola þar. Þá er það og mat dómsins að brotaþoli hafi gefið skýrslu sína fyrir dómi óþvingað og eðlilega þar sem hvorki var að greina hik né misbrest í frásögn hennar þannig að í ósamræmi væri við fyrri skýrslur og framburð vitna. Ákærði virtist á hinn bóginn nokkuð þvingaður og óskýr um sumt sem hann, nánar spurður um, kvaðst ekki muna. Samkvæmt þessu er það mat dómsins að brotaþoli hafi gefið trúverðuga skýrslu fyrir dómi en ákærði hafi ekki verið eins trúverðugur á sama hátt.

Með vísun til þess sem nú hefur verið rakið er það niðurstaða dómsins að við úrlausn málsins eigi að leggja til grundvallar trúverðuga og staðfasta skýrslu brotþola sem studd er framburði vitna og öðrum gögnum sem grein var gerð fyrir í III. kafla. Þessi gögn styðja öll frásögn brotþola um að hún hafi sofnað ölvunarsvefni í rúmi ákærða og vaknað við að hann var að hafa við hana samfarir. Kemur þá til athugunar hvort þau viðbrögð brotþola að kalla hvorki á hjálp né streitast á móti ákærða, þegar hún vaknaði, valdi því að ákærði hafi með réttu mátt líta svo á að samfarirnar væru með hennar samþykki. Við úrlausn á þessu álitamáli verður að líta til þess að brotþoli hafði sofnað í ókunnu húsi og hafði hvorki séð né þekkt til annarra íbúa þess. Þá hafði hún sofnað ölvunarsvefni undir morgun eftir að hafa verið að drekka áfengi frá því um kvöldmatarleytið kvöldið áður og er ekki ótrúverðug sú skýring hennar að hún hafi „frosið“, eins og hún sjálf komst að orði, og sofnað aftur meðan á samförunum stóð eins og hún lýsti. Það er því mat dómsins að það dragi ekki úr trúverðugleika brotþola að hún kallaði ekki á hjálp eins og ástatt var fyrir henni. Með vísun til framanritaðs er það og mat dómsins að ákærða hafi hlotið að vera ljóst að brotþoli var sofandi þegar hann hóf samfarirnar. Á sama hátt hlaut honum og að vera ljóst að þótt hún hafi vaknað litla stund og ekki reynt að losna úr samförunum gat hann ekki litið á það sem samþykki hennar eins og ástatt var fyrir henni. Samkvæmt þessu verður ákærði sakfelldur fyrir að hafa haft samræði við brotþola sem hún gat ekki spornað við sökum ölvunar og svefndrunga eins og honum er gefið að sök í ákærinni en brot hans er þar rétt fært til refsíákvæðis. Ákærði hefur ekki áður sætt refsingum og er refsing hans hæfilega ákveðin 18 mánaða fangelsi. Ákærði skal, með vísun til 26. gr. skaðabótalaga, greiða brotþola 600.000 krónur í bætur með vöxtum eins og greinir í dómsorði. Hann skal greiða þóknun réttargæslumanns brotþola, 186.750 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, og málsvarnarlaun verjanda síns, 543.816 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Loks skal hann greiða 142.269 krónur í annan sakakostnað.

Dóminn kváðu upp héraðsdómararnir Arngrímur Ísberg, dómsformaður, Hervör Lilja Þorvaldsdóttir og Ingimundur Einarsson.

Dómsorð

Ákærði, X, sæti fangelsi í 18 mánuði.

Ákærði greiði Z 600.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 20. júlí 2008 til 3. janúar 2009, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði málsvarnarlaun verjanda síns Guðmundar Ágústssonar hrl., 543.816 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, þóknun réttargæslumanns brotaþola, Feldísar Óskarsdóttur hdl., 186.750 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, og 142.269 krónur í annan sakarkostnað.

Arngrímur Ísberg.

Hervör Lilja Þorvaldsdóttir.

Ingimundur Einarsson.